


# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**

ÉG ER EKKI  
ALLRA. 

ÞAÐ GETUR VERIÐ ÞÍNU ERFITT AÐ BÍTA Í MIG  
////////////////////////////////////

ÉG HENTA VEL Í ALLSKONAR  
**BAKSTUR**  
OG ER FRÁBÆR Í ÍSGERÐ

.....  
**ÞEIR SEM ELSKA MIG, ELSKA MIG**

VERUM ALVEG | ÉG KEM EKKI  
**HREINSKILIN** | Í STAÐINN FYRIR MAT

**VERUM ALVEG  
HREINSKILIN**

Ég kem ekki í staðinn fyrir mat. Ég er  
búinn til úr stökkum **karamellumöndlum**  
og umvafinn ljúffengu **mjólkursúkkulaði**.

.....  
Hugsaðu til mín næst þegar þú ert út í búð  
eða á bensínstöðinni OG ÞIG LANGAR Í  
EITTHVAÐ GÓMSÆTT.



- *brakandi gott!*

Í fyrstu hét Oprah Winfrey Orpah.



STRÁKUNUM LÍÐUR VEL ENDA AD LÁTA GOTT AF SÉR LEIDA

### SVERRIR INGI

**Fyrstu sex:** 210293.  
**Besta barnabókin:** Jón Oddur og Jón Bjarni.  
**Lag á heilanum þessa stundina:** Ég syng! með Unni Eggerts.  
**Í hádeginu borðaði ég...** kjúklinga-burrito á Serrano.

## Ekki hlusta á Halla

Fimm drengir í Verzlunarskóla Íslands standa fyrir útgáfu barnabókar sem skrifuð er af systur eins þeirra. Bókin er sérstök fyrir þær sakir að höfundurinn var fjögurra ára þegar sagan var skrifuð og ári síðar lést hún af slysförum.

„Þetta er búið að vera rosalega skemmtilegt ferli, sérstaklega vegna þess að allur ágóði mun renna í góðgerðarmál,“ segir Sverrir Ingi Ólafsson, Verzlunarskólamei, sem ásamt bekkjarfélögum sínum, þeim Kristni Brynjari Pálssyni, Jóni Birgi Eiríkssyni, Maróni Þór Guerreiro og Aróni Má Ólafssyni, stendur fyrir útgáfu bókarinnar Halli hrekkjusvín: Hvernig hann eignaðist broskall í hjartað. Sagan er sérstaklega merkileg fyrir þær sakir að hana skrifaði systir Arons Más, Eva Lynn Fogg, með aðstoð móður sinnar en þegar sagan var rituð var Eva fjögurra ára gömul en sá sorglegi atburður átti sér stað um ári síðar að hún lést af slysförum. „Við vorum að velja vöru til að vera með í frumkvöðlafræðinni og þegar einhver stakk upp á barnabók mundi Aron eftir sögunni sem systir hans hafði skrifað,“ útskýrir Sverrir Ingi. „Við ákváðum að kýla á það og vorum allir sammála um að gefa allan ágóðann í góðgerðarmál,“ bætir Sverrir Ingi við en ágóðinn mun renna til Regnbogabarna. „Sagan er um Halla hrekkjusvín sem hrekkir öll börnin í leikskólanum en Eva Lynn segir öllum að hlusta ekkert á það sem hann er að segja, taka þetta ekki of nærri sér og í raun segja bara „só,““ segir Sverrir aðspurður um söguþráð bókarinnar. „Þetta er rosa „basic“ en boðskapurinn er góður því þau eiga auðvitað ekkert að hlusta á Halla því það skiptir ekki máli hvað öðrum finnst um þig.“

**Halli hrekkjusvín mætir í teiti í Smáralind**  
 Bókin verður prentuð í þúsund eintökum og stykkið selt á 1.000 krónur. Allar myndskreytingar í bókinni eru eftir frænku Arons Más, Jennýju Kolsöe en umbrotið var í höndum skólasystur þeirra félag, Birgittu Rúnar. Sverrir segir verkefnið hafa gengið vonum fram og segir undirtektirnar hafa gefið þeim byr undir báða vængi. „Það kom okkur á óvart hversu margir sammendur okkar í Verzlunarskólanum höfðu áhuga á verkefninu og hyggjast kaupa eintak af bókinni. Við gerðum léttu könnun í skólanum og nánast allir ætluðu að tryggja sér eintak. Eins hafa kennararnir verið ansi hjálplegir,“ segir Sverrir Ingi fullur þakklætis. „Það hjálpar vissulega til að tilurð sögunnar er sérstök og eins er fólk alltaf opið fyrir því að taka þátt í góðgerðarmálum,“ útskýrir Sverrir. Í kvöld ætla drengirnir að halda útgáfuteiti í Pennanum í Smáralind en sala bókarinnar fer fram í verslunarmiðstöðinni á morgun og á laugardag. „Við hvetjum auðvitað alla til að koma og næla sér í eintak. Við erum búinir að láta útbúa Halla hrekkjusvín-búning svo hann verður á vappi þarna í Smáralindinni á meðan salan fer fram,“ segir Sverrir Ingi að lokum og hlær við.

## MMM

### MONITOR MÆLIR MEÐ...

#### FYRIR SVANGA

Staðurinn umtalaði Lemon opnar á morgun, föstudag klukkan 07:00 en það verður einmitt opnunartími staðarins alla daga vikunnar. Því er kjörið að smakka ljúffenga samloku og hollan djús hjá nöfnunum Jóni Gunnari og Jóni Arnari, þó það væri ekki nema bara til að geta tekið þátt í umræðunni næstu daga.



#### FYRIR FORVITNA



Þátturinn Tveir + Sex fer í loftið á fimmtudagskvöld á sjónvarpsstöðinni PoppTívi. Þar munu Veigar Ólnir Gunnarsson og Sunneva Sverrisdóttir kynna sér kynlíf á Íslandi á afar skemmtilegan og fræðandi máta. Forvitnilegt verður að fylgjast með þessum þætti enda umræða um kynlíf alltaf þörf í nútíma samfélagi.

#### FYRIR ÍSLENDINGA

Það ætti í raun að smella því í stjórnskrána að allir Íslendingar sem skrjóir eru á Facebook eigi að smella á „like“ hjá Íslendingum sem eru að gera góða hluti í hinum stóra heimi. Nú liggur leiðin svo sannarlega upp á við hjá okkar manni, Gylfa Þór Sigurðssyni og mælir Monitor með að þú líkir við hans Fésbókar-síðu til að fylgjast með hans afrekum.



## Vikan á facebook



**Þórhallur Þórhallsson**  
 Innilega til hamingju elsku elsku vinur. Við höfum átt margar góðar stundir saman. Ég man bara ekki eftir því að við höfum rifist. En í dag er 24 ár síðan þú varst leyfður hér á Íslandi og í tilefni þess ætla ég að drekka þig í kvöld. Til hamingju með daginn bjór!  
 1. mars kl. 10:26



**Marta María Jónasdóttir**  
 Ég er að drukkna í tölvupóstum frá bandarískum lögfræðinema sem er á leið til Íslands. Hann vill ólmur hitta mig og ræða við mig um afbrot og undirheima ... Hann er greinilega eitthvað að misskilja Smartlandið!  
 28. febrúar kl. 09:37



**Klara Elias**  
 Bestu vinkonur mínar síðan ég var 14 ára gömul eru núna í flugvél á leiðinni í heimsókn til mín í borgina sem ég sagði þeim þegar við kynntumst að ég myndi einn daginn búa í - og þær trúðu mér líka alveg!! OMG HVAÐ EG HLAKKA TIL AÐ FA YKKUR Lana Íris Dungal & Rake! Eva Sævarsdóttir !!!  
 27. febrúar kl. 13:13

## FEITAST I BLAÐINU

**4** **Þeirð Birgitta og Birnir**  
 Jón fara með hlutverk djöfulsins í Herranætur-sýningu MR.



**6** **Ebba Karen**  
 formaður Stúdentafélags HR hvetur alla til að mæta á Háskóladaginn.



**8** **Hraðfrétta-bræðumir Benedikt og Fannar** ræða sambúðina og fleira sniðugt.



**14** **Mottumars** er genginn í garð og þá er upplagt að kynna sér sögulegar mottur.



## Efst í huga Monitor Út í veður og vind

Það er eitt sem við Íslendingar verðum að setta okkur við og það er að veðrir mun alltaf koma okkur á óvart. Í raun ætti maður að hefja hvern dag á því að athuga vel hitastigið utandyra, klæða sig eftir því en taka með í bakpoka bæði fatnað fyrir betra og verra veður. Það liggur við að maður geti átt von á því að vera mættur einhvern eftirmiðdaginn í sólbáð í Nauthólsvíkinni eftir að hafa mokað burtu snjóinn í innkeyrslunni hjá sér um morguninn þann sama dag.

Febrúar kom okkur skemmtilega á óvart með dögum þar sem hitamælirinn sýndi jákvæða tveggja stafa tölu. En vegna reynslu og fyrri starfa hafði Íslendingurinn vit á því að fagna ekki of snemma og ná ekki strax í garðhúsgögnin í bilskúrnum. Það var nefnilega eitthvað sem sagði manni að úr því að febrúar tók upp á því að bjóða upp á einhverja Jamæka-stemningu þá hlýti mars nú að bjóða upp á einhvern snilldar Síberíu-fíling hér á landi.

Og viti menn. 4. mars rann upp og BÚMM. „Gjörðu svo vel,“ sagði veðrið og skutlaði mínus sjö gráðum

í andlituð á okkur með dass af vindi og snjókomu. Það má vera að við höfum ekki verið viðbúin á mánudaginn en á þriðjudag hafði maður fengið „memó-ið“ og gat því hent yfir sig úlpu og húfu áður en haldið var út í daginn. Það er einmitt þannig sem við Íslendingar tækjum þessa veðráttu. Við látum veðrið ekkert hafa áhrif á okkur heldur klæðum við okkur bara eftir veðri og vindum og segjum einfaldlega: „Kannstu annan?“

Þegar öllu er svo á botninn hvólf þá getum við verið veðrinu þakklát fyrir öll þau skipti sem það hefur boðið okkur upp á umræðuefni þegar við hittum fjarskylda frænku í fyrsta sinn í fjögur ár.

Veðri ykkur að góðu, Jón Ragnar

Það mætti ætla að ég hafi móðgað veðrið með þessum pistli mínum því eftir að hafa skrifað hann á þriðjudegi smellti veðurguðinn í svakalegt óveður á miðvikudegi. Við játum okkur samt sem áður ekki sigruð og reynum að sannfæra okkur sjálf sem og auðvitað veturkonung um að það sé bara notalegt að vera fastur í þrjá tíma í strætó.

# Það gerist ýmislegt í helvíti

Kærustuparið **Birgitta** og **Birnir Jón** fara saman með hlutverk Mefistö í *Herranætur-sýningu MR* þetta árið, *Doktor Fástus* í myrku ljósi.

## BIRGITTA ÓLAFSDÓTTIR

Fyrstu sex: 280593.

Upphaldsleikari: Tvímælaust Ólafur Darri.

Upphaldsbiómynd: Ég veit ekki hvort ég geti gengið svo langt. Í kvöld ætla ég að... fara á fund með Herranætur-stjórn.

Lag á heilanum þessa stundina: Lagið úr sýningunni okkar, Söngur Margrétar Íðu og Helenu Önnubel.

Þið frumsýnduð í síðustu viku. Hvernig gekk? Góð viðbrögð?

**Birgitta:** Það gekk framur vonum.

**Birnir:** Bara vel.

**Birgitta:** Við fengum mjög góð viðbrögð. Orkan var rífandi og stemningin í salnum mjög góð. Við vorum að sýna fyrir foreldra og aðstandendur leikhópsins og sýningarinnar.

Um hvað er leikritið?

**Birgitta:** Það er um Doktor Fástus sem selur djöflinum sál sína fyrir þekkingu.

**Birnir:** Þekkingu til að búa til rafmagnsljósið.

**Birgitta:** Við fylgjumst svo með sögunni þegar djöfullinn er að koma að sækja sálina og Fástus er tregur að láta hana af hendi. Ástin kemur líka inn í söguna...

**Birnir:** Og við fylgjumst með innri baráttu Fástusar. Við fáum að sjá inn í hans hugarheim. Leikritið er í raun tvær sögur. Í fyrsta lagi er þetta saga Fástusar en í öðru lagi er þetta saga Margrétar Íðu og Helenu Önnubel, hvernig hún finnur sjálfa sig. Það eru tvær aðalsögurnar sem tvinnast saman.

Þið leikið sitthvora hliðina á djöflinum. Hvernig fer slíkt fram.

**Birgitta:** Við leikum saman Mefistö sem er útsendari djöfulsins. Við erum saman allan tímann inni á sviðinu.

**Birnir:** Við skiptum línunum á milli okkar.

**Birgitta:** Túlkunin er frekar svipuð hjá okkur af því að við sköpuðum karakterinn saman. Þessi karakter er afsprengi okkar beggja.

**Birnir:** Þetta er líka einskonar „út-um-allt-karakter“ og því er gott að við séum tvö því þá er auðveldara að vera út um allt.

Eigið þið eitthvað sameiginlegt með persónunum ykkar? Er einhver djöfull í ykkur?

**Birgitta:** Aðallega í mér. Ég er svo skapbráð.

**Birnir:** En ég er afar ljúfur persónuleiki. Ég á því

meira sameiginlegt með honum í hreyfingum og töktum.

**Birgitta:** Þú hefur líka gaman af töfrabrögðum og Mefistö elskar töfrabrögð.

**Birnir:** Raunar. Ég er svolitill galdrakar.

Þið eruð þar í daglegu lífi. Þurfið þið að setja allan losta og ást til hliðar á meðan á leikritinu stendur?

**Birgitta:** Nei, við reynum að tvinna það eins mikið inn í leikritið og við getum. Við höfum sér stað á sviðinu sem kallast helvíti.

**Birnir:** Og þar gerist ýmislegt (hlæja).

**Birgitta:** Þegar við erum að vinna saman þá erum við ekki kærustu þar en við setjum okkar reynslu inn í karakterinn.

Kynntust þið í gegnum leiklistina? (henni mikið að þakka)

**Birgitta:** Við vorum saman í Herranótt í þriðja bekk en þekktumst í raun ekkert. Þannig urðum við vinir og svo byrjuðum við saman í Herranótt í fyrra.

Þannig að þið þakkið leiklistinni og Herranótt fyrir það sem þið eigið saman?

**Birgitta:** Já, getum við ekki bara gert það? Þetta er alla vegna sameiginlegt áhugamál.

Ætlið þið svo í leiklist eftir menntó?

**Birgitta:** Ég er persónulega mjög til í skoða alla möguleika sem ég hef. Kannski fer ég í stúdenta-leikhúsið á næsta ári. Það kemur bara í ljós.

**Birnir:** Ég hugsa að ég fari frekar út í eitthvað í kringum leiklistina, eins og leikstjórn eða skrif.

Af hverju á fólk að koma á sýninguna?

**Birgitta:** Það er eitthvað fyrir alla í sýningunni. Ástin, fyndnir karakterar, mikil kómedía, geggj-aðir búningar, ljósavinnan og tónlistin er líka til fyrirmyndar.

**Birnir:** Sagan er líka mjög skemmtileg.

**Birgitta:** Ég vona að fólk láti sjá sig í Tjarnarbiói.



## BIRNIR JÓN SIGURÐSSON

Fyrstu sex: 130593.

Upphaldsleikari: Eggert Þorleifsson.

Upphaldsbiómynd: Spirited Away.

Í kvöld ætla ég að... sofa.

Lag á heilanum þessa stundina: King of Carrot Flowers með Neutral Milk Hotel.



„Háskóli Íslands nýtur virðingar innan samfélagsins og hann er ákaflega mikilvægur fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf.“

Ásdís Ólafsdóttir, heimspeki



# OPIÐ HÚS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

LAUGARDAGINN 9. MARS KL. 12–16



„Námið í Háskóla Íslands er krefjandi, öflugt og skemmtilegt enda er starfsfólk háskólans mjög metnaðarfullt.“

Kristín Jónsdóttir, lögfræði



„Félagslífið í Háskóla Íslands er ótrúlega öflugt og nemendafélögin sjá til þess að eitthvað sé alltaf að gerast.“

Tinni Kári Jóhannesson, tómstunda- og félagsmálafræði

KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTT NÁM  
Í HÁSKÓLA Í FREMSTU RÖÐ.

Meira en 400 námsleiðir í boði.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

[www.hi.is](http://www.hi.is)

KOMDU Á HÁSKÓLADAGINN 2013  
9. MARS KL. 12–16

*Taktu upplýsta ákvörðun!*

Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík kynna starfsemina í sínum húsakynnum. Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum verða í Háskólabíói.

HÁSKÓLA  
DAGURINN 

f /Háskóladagurinn  
#hdagurinn

**EBBA KAREN****Fyrstu sex:** 090289.**Staða:** Ég er rekstrarverkfræðinemi á þriðja ári í HR, íþróttaálfur og sérlegur áhugamaður um súkkulaði.**Uppáhaldsfag:** Ég get alla vega sagt þér hvað er ekki uppáhaldsfagið mitt en það er eðlisfræði og eðlisfræði-skýrslur. Mér finnst hinsvegar mjög gaman í þeim fögum sem snúa að rekstri fyrirtækja og þá sérstaklega framleiðslufyrirtækja. Sat áfanga sem heitir Framleiðslu- og birgðastjórnun sem sennilega stendur upp úr.**McDonalds eða Burger King:** Afhverju er Hamborgarabúllan ekki valmöguleiki? Nei, nei, segi svona. Ég myndi allan tímann velja McDonalds, bara af því þeir bjóða upp á svo gómsætan eftirrétt, McFlurry.**Lag á heilanum þessa stundina:** Akkúrat núna er ég með „Út að heimsenda“ með Friðriki Dór en það er af því hann var að trylla lýðinn á stórglæsilegri árshátíð HR síðastliðinn laugardag. Það var svo mikil stemning þegar hann var að syngja að það mátti halda að þakið ætlaði að rifna af húsinu.**Uppáhaldslikamsræktaræfingin:** Mér finnst flest öll hreyfing skemmtileg nema ef það er bolti í spilunum. Núna er ég með Crossfit-veikina og finnst mjög gaman í ólympískum lyftingum, einnig æfði ég frjálssar þegar ég var yngri svo mér finnst alltaf gaman að hlaupa.

# Allt snilld við HR

**Ebba Karen Garðarsdóttir** er formaður Stúdentafélags HR en hún verður í eld-línunni ásamt skólafélögum sínum á Háskóladeginum en hann verður haldinn á laugardaginn.

## NÝ SENDING

*SIXTYSEVEN*

1



4



2



3



5



6

01. 67 11.995 kr. 02. 67 12.995 kr. 03. 67 14.995 kr. 04. 67 13.995 kr. 05. 67 11.995 kr. 06. 67 8.995 kr

Kringlan s. 512 1760 | Smáralind s. 512 7700 | ntc.is | erum á

**gs skór****Hver er snilldin við HR?**

Ég veit að þetta hljómar klisjulega en það er allt snilld við HR en ef ég ætti að velja þá er það helst þessi andi sem er í skólanum, persónulegi andi. Samfélagið er létt og þægilegt, maður er ekki eitthvað númer í stól heldur nafn og andlit sem kennarinn þekkir. Starfsmennirnir eru líka yndislegir og eru alltaf til í að aðstoða mann með hvað sem er og svo má ekki gleyma félagslífnu sem er frábært, hver deild er með nemendafélag og er oft skemmtilegt samstarf á milli þeirra.

**Er skólinn góður undirbúningur fyrir atvinnulífið?**

Ég ætla að leyfa mér að segja að þú finnur varla betri undirbúning. Námið miðar að því að undirbúa nemendur fyrir vinnnumarkaðinn og sem dæmi þá stendur nemendum HR til boða að fara í starfsnám. Einnig eru mörg verkefni unnin í samstarfi við fyrirtæki sem gefur nemendum tækifæri á að byggja upp tengslanet við atvinnulífið.

**Af hverju eiga ungmenni að láta sjá sig á Háskóladeginum?**

Af því að þar geta ungmenni mætt og spurt kennara, starfsmenn og aðra nemendur út í skólann og námið. Þú færð hvergi betri innsýn inn í námið og háskóla lífið heldur en á Háskóladeginum.

**Í hverju felst þitt starf sem formaður Stúdentafélags HR?**

Það mætti segja að ég sé „rödd nemenda við HR“, en ég leiði Stúdentafélagið sem er hagsmuna-

félag allra nemenda við HR. Ég er til staðar fyrir þá sem finnst vera brotið gegn sér innan veggja skólans og veiti skólanum aðhald hvað varðar gæði kennslu og aðstöðu. Ég held svo utan um starf félagsins og sit í nefndum fyrir hönd Stúdentafélagsins og nemendur HR, til dæmis sit ég í Stjórn Byggingafélags Námsmanna og er fulltrúi nemenda í Háskólaráði.

**Hvað ætlar Stúdentafélagið að bjóða upp á á laugardaginn?**

Laugardagurinn verður eitt stórt standandi parti, en við munum bjóða upp á þúsir fyrir svöng ungmenni, fara með gestum í gönguferð um húsið og sýna þessa flottu aðstöðu sem HR hefur upp á að bjóða. Við auðvitað svörum öllum þeim spurningum um námið sem gestir og gangandi hafa og svo að sjálfsögðu verðum með kynningu á þessu margumtalaða félagslífi í HR.

**Svo eruð þið með rándýr tónlistaratriði líka, ekki satt?**

Jú, mikið rétt, þetta er nú ekki parti nema með tónlist líka. Strákarnir í Kiriya Family láta sjá sig, slá á léttu strengi og taka nokkur lög sem og hljómsveitin Ylja. Við erum ekki bara með tónlistaratriði því Sirkus Íslands mun leika listir sínar. Ég mæli með því að allir mæti á Háskóladaginn, hlusti á góða tónlist og kynni sér allt sem HR hefur upp á að bjóða.

Dagskrá HR má skoða á [www.hr.is](http://www.hr.is)  
Dagskrá Háskóladagsins í heild má sjá á [www.haskoladagurinn.is](http://www.haskoladagurinn.is)

# Hvað viltu verða?

Viltu vinna við

- þróun tölvuleikja?
- þrívíddarlist?
- framleiðslu kvikmynda?
- framleiðslu margmiðlunarefnis?
- þróun hreyfimynda?
- tölvuleikjaforritun?

Við Háskólann í Norður-Prændalögum í Noregi geturðu lært allt ofangreint.

BA-nám í margmiðlunartækni eða tölvuleikjahönnun veitir þér þekkingu og færni sem stenst allar þær kröfur sem gerðar eru til fagfólks á þessum sviðum.

Námsbrautirnar hafa alþjóðlegan gæðastimpil og nýta þekkingu fagfólks um allan heim.

Námið veitir einnig góðan grunn fyrir meistaranám í ýmsum virtum háskólum, meðal annars við IT-universitet í Kaupmannahöfn.

**Opinn kynningarfundur um námið á Centerhotel Plaza,  
þann 21. mars, kl. 20.00 og 21.00**




Fylgdu okkur á íslensku Facebooksíðunni okkar:

**Nám í Noregi Tölvuleikjahönnun eða Margmiðlunartækni - HINT**

Nánari upplýsingar um margmiðlunartækninámið: [www.hint.no/mmt](http://www.hint.no/mmt)

Nánari upplýsingar um tölvuleikjaþróunarnámið: [www.hint.no/spill](http://www.hint.no/spill)

Einnig má senda deildarstjóra, Robin Munkvold, fyrirspurnir: [robin.munkvold@hint.no](mailto:robin.munkvold@hint.no)



# Fáum aldrei *rass*

**Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson** í Hraðfréttum sameina fjölskyldurnar á föstudagskvöldum. Þeir sögðu **Monitor** frá hápunktinum á eins árs afmælinu, tilvistarkreppunni og samskiptum þeirra við forseta Íslands.

**Þ**eir eru líklega fáir sem kunna listina að segja frá fréttum líðandi stundar með snörpum og sniðugum hætti betur en Hraðfréttadregjimir Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson. Tvíeykið hefur sannarlega lífgað upp á flóru íslensks grínefnis í sjónvarpi á því ári sem liðið er frá fyrsta þætti Hraðfrétta, sem upphaflega var í formi vefþáttar á mbl.is.

Þegar blaðamaður Monitor settist niður með Hraðfréttadregjunum voru þeir eldhressir með með gang mála að undanförmu, en þátturinn var nýverið mældur með herra áhorf en fréttatímar Sjónvarpsins og Stöðvar 2.

Texti: Einar Lövdahl  
Myndir: Styrmir Kári

einar@monitor.is  
styrmirkari@mbl.is

## Í stuttu máli, hvað er að fréttu, strákar?

► Það er bara allt gott að hraðfrétta (hlær ýktum hlátri).

■ Góður, góður. Við erum hressir og kátir. Við erum að upplifa eins árs afmæli Hraðfrétta þessa dagana og erum á sama tíma dálítið að toppa.

► Já, við erum að ná hápunkti þessa dagana í tvennum skilningi. Vinsældimar eru í einhvers konar hápunkti og svo erum við líka að toppa í vinnslunni á þáttunum. Við finnum sjálfir fyrir því að vinnslan á þáttunum flæðir miklu betur en áður og við vitum einhvern veginn alltaf hvað hvor annar er að hugsa í hugmyndavinnu. Við erum næstum því farnir að gera þáttinn án þess að hugsa. Benni er líka orðinn betri fréttapúllur, hann er búinn að „mastera“ það.

■ Sömmuleiðis Fannar sem fréttamaður á vettvangi. Framúrskarandi í sínu fagi. Ég verð samt að viðurkenna það að þegar við vorum að byrja á RÚV í haust þá var ég mjög stressaður. Fyrstu vikurnar vorum við eiginlega bara í þanikki um hvort við myndum standast væntingar. Þó svo að þetta sé orðið margfalt smurðara núna, þá erum við samt mjög gagnrýnir á okkur sjálfa í vinnslunni.

► Við erum orðnir reynslunni ríkari eftir að við byrjuðum uppi á RÚV og ekki sist eftir viðburð eins og Söngvakeppni Sjónvarpsins.

■ Já, það má segja að við höfum verið svolítið uppgötvaðir í annað skiptið eftir Söngvakeppnina.

## Þið talið um hápunkt í vinsældum. Nýlega mældist þátturinn ykkar með meira áhorf en aðalfréttatímar RÚV og Stöðvar 2. Liggur leiðin ekki bara niður á við hédan í frá?

■ Það er einmitt spurningin. Við höfum velt því fyrir okkur hvort við eigum ekki bara að hætta núna.

► Já, ég held samt ekki. Þetta er svo gaman. Ég held að við höldum bara áfram á meðan fólk nennir ennþá að horfa á þetta.

## En svona að öllu gríni slepptu, hversu stoltir eruð þið?

► Mjög, ég er í alvörunni mjög auðmjúkur gagnvart þessu. Þetta kom mér virkilega á óvart. Þegar við byrjuðum með þennan þátt fyrir ári síðan sem vefþátt á mbl.is, þá var maður bara ánægður ef þetta var mest skoðað inni á Mbl-sjónvarpi, það fékk mann til að brosa. Núna erum við að tala um mesta áhorfið í íslensku sjónvarpi, sem er ótrúlegt.

■ Kannski er fólk samt bara móttækilegra til að horfa á þátt sem er fimm mínútna langur heldur en heilan fréttatíma.

► En við viljum samt klárlega bara þakka þeim fyrir sem hafa horft á þáttinn. Án þeirra væri þátturinn bara ekki neitt, bara prump og rassgat. Við viljum líka þakka Simma (Sigmari Guðmundssyni) sem kom okkur inn í sjónvarpið. Og síðan Salóme, án hennar væri þátturinn hvorki fugl né fiskur.

■ Þetta er bara orðin einhver þakkaræða hérna.

► Það stoppaði okkur maður úti á götu á Akureyrri og hann sagði: „Það er frábært hvað þið sameinið fjölskylduna ...“

► Já, sorri, það er bara svo sjaldan sem maður fær svona góðan vettvang til að kasta svona þakkarkveðjum.

## Þið hafið fengið mjög sterk viðbrögð við þáttunum, bæði jákvæð og neikvæð, og meira að segja verið teknir fyrir á Alþingi.

■ Mér finnst við aðallega hafa fengið jákvæð viðbrögð, til dæmis bara frá fólki úti á götu. Það stoppaði okkur maður úti á götu á Akureyrri og hann sagði: „Það er frábært hvað þið sameinið fjölskylduna. Ég, konan mín og börnin sameinumst á hverju föstudagskvöldi í því að horfa á Hraðfréttir saman.“ Mér fannst það svolítið fallegt, það er skemmtilegasta hrós sem ég hef

fengið. Neikvæðu viðbrögðin koma vissulega við sögu en hingað til hefur hún hjálpað þættinum ef eitthvað er.

## Hvernig kviknaði hugmyndin að þættinum á sínum tíma? Á þátturinn sér einhverja fyrirmynd?

► Ég vann lengi hjá Mbl-sjónvarpi við hin ýmsu verkefni og langtímamarkmiðið var alltaf að gera sinn eigin þátt. Þegar hugmyndin um Hraðfréttapáttinn kviknaði rúllaði hún eiginlega bara um kollinn á okkur í svona ár áður en við gerðum eitthvað.

■ Þátturinn á sér enga alvöruformynd, nema kannski bara eitthvað grín sem ég og einn félagi okkar vorum með í gangi



## FANNAR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 240688.

Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun:

Tilhugsunin um að faðma Simma.

Það sem veldur mér helst hugarangri þessa stundina: Óvissan hvað varðar Hraðfréttir.

Skemmtilegasti viðmælandinn til þessa: Jakob Frímann, hann var fyrsti viðmælandinn okkar í setti.

Æskuátrúnaðargoð: Quentin Tarantino.



# gat frítt

Í Versló. Það var eitthvað svona fréttagrín í tengslum við sjónvarpstöðina NFS, þegar hún var upp á sitt besta. Hraðfréttahugmyndin fór einfaldlega að verða til þegar við Fannar vorum að ræða að okkur langaði að gera eitthvað. Við vorum í einhverri tilvistarkreppu, ég kominn með leiða á skólanum og Fannar á því sem hann var að gera.

➤ Konseptið að þættinum var reyndar ekki einu sinni fullmótað þegar við byrjuðum síðan að vinna að þættinum. Á tímabili var hugmyndin til dæmis að fjalla bara um einhverjar skáldaðar fréttir, eitthvað í anda Baggalúts. Það var síðan eftir einhvern vinnudaginn sem eitthvað fór að gerast af einhverju viti, þá kíkti Benni til mín og við fórum að leita að flottri grafík á netinu, því það var eitthvað sem skipti máli að okkar mati.

➤ Þegar við loksins duttum niður á einhverja flotta grafík sem kostaði rúmlega 30.000 kr. þá var þetta dálítið spurning um að kýla á þetta bara.

➤ Sem við gerðum, við keyptum grafíkuna fyrir pening úr eigin vasa.

**Og þið unnuð fyrsta þáttinn á laun gagnvart yfirmönnum Fannars hjá Mbl-sjónvarpi, ekki satt?**

➤ Jú, við unnum fyrsta þáttinn á kvöldin þegar enginn var uppi í stúdíói og enginn vissi af okkur. Síðan vorum við bara komnir með þátt í hendurnar sem ég sýndi nokkrum samstarfsmönnum mínum til að athuga hvaða viðbrögð ég fengi. Viðbrögðin voru fín svo ég

bar þáttinn undir yfirmanninn og fékk þá grænt ljós á að setja þáttinn inn á mbl.is og upp frá því fór boltinn hægt og rólega að rúlla af stað. Þetta var eiginlega fyrir akkúrat ári síðan.

➤ Það er reyndar mjög skrítið að horfa á þennan þátt núna. Eins og við segjum þá erum við töluvert þéttari í þessu í dag. Þessi fyrsti þáttur er bara ekki góður þáttur miðað við þættina okkar í dag.

**Snúum okkur að bakgrunnum ykkar Hraðfréttadregja. Leiðir ykkar lágu saman í Versló en Benni er úr Vesturbænum og Fannar úr Fossvoginum. Ert þú frægur í Fossvoginum fyrir höfuðstærð þína, Fannar?**

➤ Ég veit það ekki (hlær). Ég hef svo sem lent í einu og öðru út af höfuðstærð minni. Í 10. bekk fór ég á Sauðárkrók með árgangnum mínum þar sem við áttum að fara í hestatur, nema hvað að það var ekki til neinn hjálmur sem passaði á hausinn á mér. Ég þurfti þess vegna bara að hætta við að fara í hestaturinn og fékk Snorra vin minn til að fara með mér í bakaríð á meðan allir hinir krakkarnir fóru á hestbak. Þetta er alltaf svona þegar ég fer í eitthvað svona þar sem maður þarf að vera með hjálm, þá er annaðhvort ekki til neinn sem passar á mig eða þá að ég þarf að vera með einhvern hjálm sem er eins og tunna. Þegar ég sótti síðan útskriftarhúfuna fyrir menntaskólaútskriftina þá lá við að það væri haldin sér athöfn í P. Eyfeld.

## SAMBÚÐIN

Benni og Fannar búa saman í blokkaríbúð í Vesturbænum.

**Það sem Benni mætti bæta í sambúðinni að mati Fannars:** Hann mætti elda oftari fyrir mig.

**Það sem Fannar mætti bæta í sambúðinni að mati Benni:** Hann mætti vera duglegri við að þvo fötin sín og taka þau af snúrunni.

**Hvor sér um þvottinn?** Hvor okkar þvær bara sín eigin fót.

**Hvor sér um að þvo upp?** Það skiptist mjög jafnt. Við eigum ekki uppþvottavél og við trössum því miður mjög oft á þessu af því að þetta tekur svo langan tíma. Við erum búnir að vera mjög latir að undanförunu.

**Hvor fékk stærra svefnherbergið og af hverju?** „Skúli, vinur okkar, var í kóngasvítunni áður en hann flutti til Svíþjóðar. Þegar hann flutti út, þá flutti Benni inn í staðinn en ég tók kóngasvítuna,“ segir Fannar.

**Hvor fær að velja tónlistina sem er spiluð í íbúðinni?** „Fannar er svona frekari þegar við erum að hlusta á tónlist saman. Þá rifur hann fram vinylpilarann og setur eitthvað klassískt rokk á, sem er svo sem allt í lagi. Þegar ég er einn að dunda mér set ég þó eitthvað alislenskt á fóninn,“ segir Benni.

Allir starfsmenn voru bara kallaðir til af því að þeir höfðu ekki séð svona stóra húfu í áratug eða eitthvað. Annars vil ég samt meina að höfuð mitt sé í góðum hlutföllum við búkinn minn, ég samsvara mig vel.

**Benni, mér skilst að þú hafir frá unglingsaldri æft þig í að beita rödd þinni eins og fréttapúllur. Er það rétt?**

➤ Ég vil meina að þetta hafi byrjað þegar ég var fjögurra ára og horfði mikið á Hemma Gunn. Á þeim tíma áttum við eldri bróðir minn þá til að búa til Hemma Gunn-þátt þar sem ég lék Hemma og bróðir minn var Laddi í ýmsum hlutverkum. Það var upphafið en svo fórum við með eitthvað svona fréttagrín af stað í Versló. Um það leyti fékk ég líka að gjöf innrammaða mynd af Sigmundi Erni, þáverandi fréttapúll, sem var árituð og allt. Ég hef alltaf haft mjög gaman af þessum sjónvarps- og fréttakörnum.

**Talandi um sjónvarpsmenn nýlega sást til þín, Fannar, og Ásgeirs Kolbeins í löngum og innilegum samræðum á Dollý. Um hvað voruð þið að ræða?**

➤ Hann er í veitingastaðarekstri og sem ungur maður var ég bara að fá ráðgjöf frá honum. Ég vil annars ekki tjá mig meira um málið að svo stöddu.

➤ Það sem hann er að reyna að segja er að við ætlum að opna hamborgarastað saman.

➤ Sem við ætlum að hafa í Turninum í Kópavogi.

**Vinir þínir lýsa tónlistarsmekk þínum, Benni, á þá leið hann passi betur við 65 ára konu heldur en 24 ára strákk. Hvað veldur því?**

➤ (Hlær). Ég var mjög mikið alinn upp við það af móður minni að hlusta fyrst og fremst á íslenska tónlist. Hún elskaði Stjórnina og þá elskaði ég Stjórnina og það sama gildi um Bjögga Hall. Ég segi ekki að það sé henni að kenna, það er að einhverju leyti henni að þakka að tónlistarsmekkurinn minn sé eins og hann er. Ég hef síðan sjálfur bara þróað þennan áhuga. Mamma var svolítið föst í Stjórninni en ég fór að skoða meira þegar á leið. Stuðmenn eru í miklu uppáhaldi, sem og Haukur Morthens, Bjöggi og fleiri. Það er gaman að segja frá því að þegar ég byrjaði í 8. bekk þá þótti þetta ekki kúl að hlusta á þessa tónlist og ég vildi náttúrlega ekki skera mig úr þannig að ég óskaði mér þess að fá Limp Bizkit-diskinn í jólagjöf þótt ég hlustaði ekkert á hann. Þegar ég byrjaði í menntaskóla fór ég að geta sýnt mínar réttu hliðar aftur. Ég er nú samt í seinni tíð orðin ágætis alæta á tónlist, vinir mínir halda þessu samt til streitu með að ég hlusti bara á þetta og hitt.

**Að hvaða leyti hefur líf ykkar helst breyst eftir að þið urðuð sprelligosar í sjónvarpi allra landsmanna?**

➤ Við erum alltaf að fá eitthvað frítt.

➤ Samt ekki, við fáum aldrei rassagat frítt (hlær).

➤ Nei, kannski ekki. Við fengum eitthvað frítt í fyrsta skipti um daginn þegar við vorum að taka upp niðri á flugvelli um daginn. Þá var gæi þar í sjoppu sem sagðist endilega þurfa að bjóða „fyndnustu mönnum landsins“ upp á kaffi og pönnukökur. Það var mjög gaman.

➤ Það er á þannig augnablikum sem það er glatað að vera hættur að drekka kaffi. Ég hætti því fyrir níu mánuðum.

➤ Að öðru leyti hefur líf okkar ekki mikið breyst. Við erum bara Bennis og Fannsi.

**Einhverjir vinir ykkar vilja samt meina að þið séuð orðnir merkilegri með ykkur en áður.**

➤ Það er auðvitað bara almenn öfund af því að við erum í vinnu þar sem við fáum að leika lausum hala.

➤ Þeir eru allir að upplifa mikla tilvistarkreppu.

## BENEDIKT Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 300488.

**Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun:**

Við Fannar áttum pantað borð á Vegamótum með góðum vinum okkar.

**Það sem veldur mér helst hugarangri þessa stundina:**

Þáttur vikunnar og svo er ég líka svangur.

**Skemmtilegasti viðmælandinn til þessa:**

Hemmi Gunn a.k.a. Gleðigjafi.

**Æskuátrúnaðargöb:** Björgvín Halldórssón (Bo Hall).



### Sem þið voruð að upplifa áður en þið fenguð Hraðfréttahugmyndina, ekki satt?

■ Einmitt.

### Hvernig er stemningin í Efstaleitinu, bælistöðvum RÚV?

■ Frábær.

► Þetta er náttúrulega deildaskipt og við erum hluti af Innlendri dagskrárdeild. Kastljóshópurinn sem við tilheyrum núna er eiginlega orðinn bara nýr vinahópur okkar.

■ Við erum rosalega lukkulegir að hafa fengið að vera með þeim snillingum en ekki bara einir á einhverri skrifstofu.

► Já, eða með fávitonum á Íþróttadeildinni.

■ Já, Hauki, Adolfi...

► ...já og Einari Erni og þessum fíflum. Þeir eru allir mjög leiðinlegir.

**/// Hraðfréttahugmyndin fór einfaldlega að verða til þegar við Fannar vorum að ræða að okkur langaði að gera eitthvað. Við vorum í einhverri tilvistarkreppu ..."**

### Horfið þið sjálfir á Hraðfréttir í sjónvarpinu?

■ Það kemur fyrir en annars líður mér alltaf eins og enginn sé að fara að horfa á þættina þegar við erum að búa þá til. Maður býr til einhvern þátt og svo einhvern veginn áttar maður sig ekkert á því að það sé síðan einhver fjölskylda á Kirkjubæjarklaustri eða eitthvað að fara að sjá hann.

► Ég horfi sjaldnast á hann en geri það einstaka sinnum með mömmu og pabba.

■ Ekki ljúga, þú ert alltaf með föstudagskvöldin frátekin til þess að geta horft á þau með mömmu og pabba.

► Nei, það var meira þegar þættirnir voru á fimmtudögum. Mér finnst það samt ekki vera neitt til þess að gera grín af, mér finnst það bara mjög krúttlegt.

■ Ég er ekkert að gera grín af því (hlær).

► En annars eins og Benni segir, þá fattar maður einhvern veginn ekki að það sé fólk að horfa á þennan þátt af því að við fáum í raun aldrei nein bein viðbrögð. Við fáum kannski einhver „like“ á Facebook eða hrós úti á götu daginn eftir, en við fáum aldrei nein viðbrögð svona beint í æð, nema kannski einmitt ef maður horfir á þetta með fjölskyldunni eða vinunum.

### Er einhver viðmælandi sem ykkur dreymir um að fá í þáttinn?

► Já, það er forseti Íslands.

■ Alveg klárt mál.

► Við höfum oft reynt að fá hann en það hefur ekki gengið.

■ Mig grunar að skrifstofustjórinn hans komi skila-boðunum ekki eins vel til skila og við vildum óska.

### Þið reynduð meðal annars að sleikja forsetann upp með því að gefa honum gjöf á Eddunni. Af öllum hugsanlegum gjöfum, af hverju gáfuð þið honum prentara?

■ Upphaflega ætluðum við að gefa honum blandara eða eitthvað en prentari var eiginlega bara það fyrsta sem við sáum þegar við komum inn í Elko. Þegar við pældum í því var prentari líka eiginlega bara miklu betri gjöf.

► Allir góðir menn þurfa að eiga góðan prentara.

■ Sérstaklega Ólafur og hann átti engan sérstakan prentara fyrir.

► Einmitt, við höfðum frétt að hann ætti bara frekar lélegan prentara.

■ Hann spurði okkur samt baksviðs hvort það væri raunverulega eitthvað í kassanum. Hann hélt að það værum bara að fíflast.

► Það má heldur ekki gleyma því að við gáfum honum líka ostakörfu. Þrátt fyrir þetta höfum við samt ekki ennþá fengið jákvæð viðbrögð frá honum varðandi að mæta í þáttinn. Við erum búnir að reyna eftir Edduna.

### Hafið þið engin viðbrögð fengið frá forsetanum?

► Ekki nema bara þegar hann tók í höndina á okkur á hátíðinni og svona.

■ Það væri samt geðveikt ef hann myndi senda okkur mynd af sér að borða ostana sem væri prentuð út úr prentaranum.

### Fólk var farið að tala um að vorið væri komið um daginn, en svo skall þessi snjóbylur bara allt í einu á. Ef við leyfum okkur samt að tala um vorið í blálökin, hvað tekur við hjá ykkur þegar þið klárið fyrstu sjónvarpsseríu Hraðfrétta?

■ Samningur okkar við RÚV rennur út 31. maí og daginn eftir hef ég störf sem flugþjónn hjá Icelandair, sem ég gerði líka síðasta sumar. Fer úr því að flytja fólkinu í landinu fréttir í það að færa því kaffi.

► Mig langar að gera stuttmynd í sumar, ég er búinn að lofa sjálfum mér því mjög lengi. Það er á markmiðalistanum og svo væri ég jafnvel til í að fá pláss á sjónum til að fá smá pening. Ásamt þessu langar mig að ferðast eitthvað innanlands og utanlands.

## BAKTALIÐ

### BENNI UM FANNAR

**Þrjú orð sem lýsa Fannari vel í mínum huga:** Utangátta, kröfuharður, botnlaus.

**Það sem ég kann best að meta við Fannar:** Hann er almennt mjög þægilegur í umgengni.

**Það fyndnasta sem Fannar hefur gert:** Hann rústaði íbúðinni eitt sinn ásamt mér reyndar. Það var furðuleg ákvörðun hjá okkur. En fyndið var það.

**Það sem ég öfunda Fannar mest fyrir:** Að vera í stærra herberginu. Ég á samt Playstation tölvuna.

**Það sem pirrar mig við matarsmekkinn hans Fannars:** Hann segir að honum finnst fiskur svo góður, sem ég trúi ekki. Ég held að hann borði hann bara af því að hann er hollur.

**Það sem pirrar mig við aksturslag Fannars:** Hann fer alltaf yfir á rauðu.



### FANNAR UM BENNA

**Þrjú orð sem lýsa Bennu vel í mínum huga:** Einlægur, gömul sái og jarðbundinn.

**Það sem ég kann best að meta við Bennu:** Hann er snyrtipínni, traustur, skipulagður og hreinskilinn. Hann er bara frábær.

**Það fyndnasta sem Benni hefur gert:** Hann tók einu sinni upp á því, ásamt mér reyndar, að rústa íbúðinni með því að henda öðrum sófanum upp á hinn og stólum ofan á þá hrúgu. Baldur Kári, vinur okkar sem var viðstaddur, gekk út af því að hann neitaði að taka þátt í kjánaskapnum.

**Það sem ég öfunda Bennu mest fyrir:** Ég öfunda hann fyrir að vera finni söngvari. Það er eitthvað sem mig langar mjög mikið.

**Það sem pirrar mig við matarsmekkinn hans Bennu:** Fordómar Bennu gagnvart grænmeti.

**Það sem pirrar mig við kvikmyndasmekkinn hans Bennu:** Hann er frekar innantómur og einhæfur. Hann horfir bara á það sem er vinsælast á Pirate Bay.





LÍNUDANSARI...  
ERTU ALVEG VISS?

KOMDU Á  
HÁSKÓLADAGINN!

*Taktu upplýsta ákvörðun!*

HÁSKÓLADAGURINN UM ALLT LAND

Selfoss: Kynning í FSU 12. mars Egilsstaðir: Kynning í ME 19. mars  
Ísafjörður: Kynning í MÍ 14. mars Akureyri: Kynning í VMA 20. mars

9. MARS KL. 12-16

Í Háskólabíói verða Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands með námskynningu.

Háskóli Íslands kynnir námsframboð sitt í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Öskju og Háskólabíói.

Háskólinn í Reykjavík kynnir námsframboð sitt í húsakynnum HR í Nauthólsvík.

Fríar rútuferðir milli staða á tuttugu mínútna fresti!

Ferðir frá HÍ, Háskólabíói og HR.

HÁSKÓLA  
DAGURINN

f/Háskóladagurinn

#hdagurinn



**Crysis 3**  
**MMMM**  
 Tegund: Skotleikur  
 PEGI merking: 16+  
 Útgefandi: EA  
 Dómar:  
 7,5 af 10 – Gamespot  
 8,5 af 10 – IGN.com  
 7 af 10 – Eurogamer.net

## Spámaður í samfesting

Það var árið 2007 að hópur þýskra grafíkórða hjá Crytek-fyrirtækinu gáfu út leikinn Crysis, en hann var aðallega gerður til að sýna hvað ný grafíkvél nördanna væri öflug og virkaði vel. En öllum að övörum kallaði leikurinn fram slef í munnvikum og adrenalínkeyrð spennuköst og þá varð ekki aftur snúið.

Á dögnum kom út þriðji Crysis-leikurinn og er sögusviðið New York í framtíðinni. Hið illa Cell-fyrirtæki hefur reist glerþak yfir borginni og er hún núna blanda af háhýsum og skóglendi. Sem fyrr er aðalsöguhetjan Prophet, en hann er íklæddur hinum magn- aða Nano-samfesting, en í honum getur hann hoppað hærra, hlaupið hraðar, horfið inni umhverfið og varist öflugum skotum. Prophet hefur misst sína mannlegu hlið og er orðinn hálfgerð vélmenni og gengur söguþráður leiksins útá að vinna úr hans vandamálum og drepa slatta af fólki í leiðinni.

Helsti kostur Crysis 3 er að leikmenn fá að ráða svo miklu, t.d. er hægt að leysa flest verkefni leiksins á fjölmarga vegu eða allt frá því að læðast um í kínaskóm yfir í að sprengja allt í loft upp með hinum ýmsu græjum. Einnig geta leikmenn djúsað upp Nano-samfestinginn með allskyns uppfærslum og stillt hvert vopn leiksins til að það henti aðstæðum. Eitt nýtt vopn stendur uppúr í leiknum, en það er bogi sem Prophet getur skotið úr á óvinina og hefur boginn hinar ýmsu örvar, allt frá hefðbundnum örvum yfir í sprengjuörvar, rafmagnsörvar og fleira.

Fyrir utan söguþráð leiksins inniheldur Crysis 3 netspilun þar sem allt að 12 manns geta spilað saman og virkar það mjög vel, sérstaklega þegar menn blanda eiginleikum Nano-samfestingsins inni þann hluta.

Grafíkin í Crysis 3 er stórkostleg og er leikurinn einn sá allra flottasti sem undirritaður hefur spilað. Sama á við um talsetningu og tónlist, en þeir hlutar leiksins eru í toppmálum og ljóst að þar hefur engu verið til sparað.

Ef ég væri ekki sá sem ég er í dag myndi ég vilja vera spámaður í samfesting, enda heillaður af Crysis 3-leiknum og öllu því mikla innihaldi sem er í pakknum, en Crysis 3 er klárlega fyrsti alvöru skotleikur ársins.



ÓLAFUR ÞÓR JÓNSSON

# kvikmyndir

Harrison Ford hefur tilkynnt að hann sé hluti af leikarateyminu í **Anchorman 2**.



## KVIKMYND HELGARINNAR

### 21 and over

Jeff Chang á sem sagt 21. árs afmæli og er þar með endanlega kominn í fullorðinna manna tölu. Hann langar auðvitað til að fagna þessum áfanga en verður að sitja á sér því hann á að mæta í mikilvægt inntökupróf klukkan 8 morguninn eftir. Á því má hann alls ekki klikka ef hann vill ekki verða fjölskyldu sinni, sér í lagi föður sínum, til skammar. Félagar hans, þeir Casey og Miller, eru hins vegar ekki á því að sleppa tækifærinu til

**Leikstjórn:** Jon Lucas og Scott More.  
**Aðalhlutverk:** Justin Chon, Skylar Astin og Miles Teller.  
**Lengd:** 93 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 14 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Laugarás-bíó og Borgarbíó Akureyri.

að skemmta sér ærlega og tekst að fá Jeff til að koma með út á lífið, þó ekki nema til að fá sér eins og einn bjór. Þar með rúllar boltinn af stað. 21 and Over er eftir þá Jon Lucas og Scott More sem slógu í gegn með handriti sínu að Hangover. Þetta er hins vegar fyrsta myndin sem þeir leikstýra sjálfir en hún virðist fá góðar undirtektir á Klakanum því hún skaut á toppinn hér á landi um liðna helgi.

facebook.com/monitorbladið

# VILTU VINNA MIÐA?

## KVIKMYND

### Heja Norge

Ég fór til Osló um daginn og ákvað því að halda mig við norska menningu og kikti á norsku myndina Kon-Tiki. Myndin hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin. Leikstjórnarnir tveir og allur leikhópurinn er algjörlega óþekktur, utan Noregs og Svíþjóðar. Handritshöfundurinn Petter Skavian byggir handritið á sannsögulegri bók Thors Heyerdal um leiðangur hans yfir Kyrrahafið frá Perú til Polynésíu árið 1947.

Myndin hefst fyrir alvöru á eyjunni Fatu Hiva þar sem Thor er staddur ásamt konu sinni við rannsóknir. Hann setur fram kenn-



ingu sem kollvarpar ráðandi kenningum um uppgötun Polynésíu. Enginn trúði þessum kenningum Thors og þess vegna lagði hann upp í leiðangur til að sanna kenningu sína, hann ætlaði að fara með fleka 8000 km yfir Kyrrahafið. Hann fékk til liðs við sig góða menn, þeir lögðu þeir í hann og trúði mér þetta var sko enginn skemmtisigling.

Kon-Tiki er virkilega góð mynd og ljóst er að mikið af vinnu og peningum er varið í hana og það er gaman að sjá hversu viðamiklar skandinavískar myndir eru að verða. Það er allt til fyrirmyndar við þessa mynd, myndatökan og tæknibrellur mjög góðar, leikararnir og leikstjórnarnir standa sig með þryði og söguþráðurinn mjög áhuga-verður og skemmtilegur. Fyrir mína parta þá mætti vera meiri spenna og aksjón í gangi,



en spennuatriðin standa alveg fyrir sínu og halda manni vel við efnið. Sú staðreynd að myndin er sannsöguleg og að hann hafi í raun og veru siglt þessa vegalengd á fleka gefur henni aukið vægi og maður er

stanslaust að hugsa til þess hversu magnað afrek þetta er.

Um leið og myndin var búin fór maður á stúfana og las sér til um þetta á netinu og það er ótrúlegt að maður skuli ekki hafa vitað meira um þetta fyrir. Kon-Tiki hafði sviðuð áhrif á mann varðandi fornleifafræðina og Indiana Jones í gamla daga, nema að Kon-Tiki gerðist í alvörunni. Skemmtileg mynd sem allir ættu að hafa gaman af.



KON-TIKI

MMMM ÍVAR ORRI ARONSSON

Notaðu húð- og andlitsliti sem hafa sannað sig meðal fagfólks

# snazaroo™

The world's favourite face and body paint

Snazaroo litirnir eru ofnæmisprófaðir og uppfylla Evrópustaðla, CE merktir.

Stautar 990,-  
 Þemu sett 2.990,-  
 3 lita sett, duga á 10 andlit 890,-  
 Dósir, duga á 50 andlit 990,-

## Hokus Pokus

Við erum á Laugavegi 69, 101 Rvk  
 Skoðið úrvalið okkar á [hokuspokus.is](http://hokuspokus.is)  
 Sendum um allt land, gerið pantanir í síma 551-7955 eða [panta@hokuspokus.is](mailto:panta@hokuspokus.is)

# MYNDAR FÓLK

Síðastliðið haust fór fram skráning á mbl.is í Ljósmyndakeppni Íslands. Eftir erfitt útlökunarferli standa aðeins átta efnilegir ljósmyndarar eftir sem munu keppa til úrslita í þáttunum. Fyrsti þátturinn verður sýndur á Skjá einum fimmtudaginn 28. mars og ætlar Monitor að hita upp vikulega fram að því með því að kynna fólkid sem þar mun etja kappi.

## SNORRI

**Nafn:** Snorri Björnsson.  
**Fyrstu sex:** 050394.  
**Uppruni:** Ísland.  
**Staða (nemi osfrv.):** Nemi.  
**Maki:** Einhleypur.  
**Æskudraumur:** Leikari.  
**Framtíðardraumur:** Allavega ekki leikari.  
**Fyrirmynd í lífinu:** Engin ein sérstök en Steve Jobs er maður sem má líta upp til.  
**Fyrirmynd í ljósmyndun:** Joey Lawrence.  
**Ef ég væri ljósmynd væri ég:** Pass.

## INGRID

**Nafn:** Ingrid Karis.  
**Fyrstu sex:** 200379.  
**Uppruni:** Eistland.  
**Staða:** Wild and passionate fashion photographer.  
**Maki:** Eero Karis.  
**Æskudraumur:** Ferðast.  
**Framtíðardraumur:** Verða þekkt í ljósmyndaheiminum.  
**Fyrirmynd í lífinu:** Madonna.  
**Fyrirmynd í ljósmyndun:** Ellen Von Unwerth.  
**Ef ég væri ljósmynd væri ég:** Órugglega eitthvað sexy.




**Nafn:** Sigurgeir Ingi Þorkelsson.  
**Fyrstu sex:** 130493.  
**Sérþekkingarsvið:** Bleikjustofn Þingvallavatns og sérstaða hans á heimsvísu.  
**Staða á borði:** Leiðtogastaðan.  
**Draumastuðningslag:** Land míns föður.

**Edda Hermanns í fimm orðum:** bara frekar.  
**Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa:** Þegar Edda spurði mig nafns.  
**Uppáhaldsspurningaform:** Vísbendingaspurningar, enda er ég niðji Sherlock Holmes.  
**Hversu hratt hugsar þú?** Jafnhratt og skólatölvurnar.

**Nafn:** Leifur Geir Stefánsson.  
**Fyrstu sex:** 271095.  
**Sérþekkingarsvið:** Kvennaskólaliðið.  
**Staða á borði:** Hægri Grænn.  
**Draumastuðningslag:** Hver á sér fagra föðurland.  
**Edda Hermanns í fimm orðum:** Hún er.  
**Uppáhaldsspurning í keppn-**

**inni til þessa:** Hvað gerðuð þið í dag strákar?  
**Uppáhaldsspurningaform:** Spjallið við Þórhildi í sminkherberginu.  
**Hversu hratt hugsar þú? 3.**  
**Hvernig er mórallinn í líðinu?** Toppnæs.  
**Af hverju mun þitt lið vinna Gettu Betur?** Æji bara.



**Nafn:** Þórgnýr Einar Albertsson.  
**Fyrstu sex:** 080295.  
**Sérþekkingarsvið:** Hugmyndafræði hinnar kapitalísku útópiu.  
**Staða á borði:** Vinstri grænn.  
**Draumastuðningslag:** Lofsöngur.  
**Edda Hermanns í fimm orðum:** fín.  
**Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa:** Hvort viljið þið vera eða víkja?  
**Uppáhaldsspurningaform:** Allavega ekki spjaldaspurning.  
**Hversu hratt hugsar þú?** Hraðar en skugginn.  
**Hvernig er mórallinn í líðinu?** Við erum bara trunsaðir.  
**Af hverju mun þitt lið vinna Gettu Betur?** #gettubeturswag

# Nemar nálgast hljóðnema

Fjögur lið eru eftir í spurningakeppninni **Gettu betur** og á laugardaginn mætast lið **Kvennó** og **MH**.

**Nafn:** Hrafnhildur Hallgrímsdóttir.  
**Fyrstu sex:** 210696.  
**Sérþekkingarsvið:** Bílskúrshurðar og bókunarplötur.  
**Staða á borði:** Hægri megin.  
**Draumastuðningslag:** Go the Distance úr Herkúles.  
**Edda Hermanns í fimm orðum:** Miklu sætari en Logi Bergmann.  
**Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa:** Crème brulée-spurningin því ég fattaði svarið eftir eina setningu.  
**Uppáhaldsspurningaform:** Klárlega vísbendinga því ég elska að hlusta á ógeðslega langan texta um ömmu Jóhönnu Sigurðardóttur.  
**Hversu hratt hugsar þú?** Hraðar en íngó veðurguð að semja lag.  
**Hvernig er mórallinn í líðinu?** Bara mjög fín.




**Nafn:** Daníel Freyr Birkisson.  
**Fyrstu sex:** 250994.  
**Sérþekkingarsvið:** Ég þekki hann Skúla minn eins og handarbakið á sjálfum mér.  
**Staða á borði:** Miðjan.  
**Draumastuðningslag:** Da Mystery of Chessboxin' með Wu-Tang Clan.  
**Edda Hermanns í fimm**

**orðum:** Hún er hress og skemmtileg.  
**Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa:** Töndæmi um Serge Gainsbourg og Jane Birkin.  
**Uppáhaldsspurningaform:** Bjölluspurningar, því þá getur maður nefnilega blaðrað í kringum efnið.

**Nafn:** Skúli Arnarson.  
**Fyrstu sex:** 220695.  
**Sérþekkingarsvið:** Bubbi.  
**Staða á borði:** Vinstra megin við danna.  
**Draumastuðningslag:** Eyjan mín fagra græna.  
**Edda Hermanns í fimm orðum:** Alveg mjög svo fín bara.

**Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa:** Þetta er allt fínt, nema sumt.  
**Uppáhaldsspurningaform:** Vísbendingaspurningar, af því að það er klárlega ekki hraði og danni er búinn að segja bjölluspurningar.  
**Hversu hratt hugsar þú?** Svolítið hratt.

**KVENNÓ NNASKÓLINN**




**TOM SELLECK**

Ofurkraftar Samson bjuggu í hári hans en ofursjarmi Tom Selleck býr án efa í mottunni. Þrátt fyrir að vera hátt í sjötugur hættir þessi fjallmyndaðlegi karlmaður seint að kítla kvenþjóðina. Hann missir aftur á móti í það minnsta 5 kynþokkastig þegar skeggið fær að fjúka enda hefur glæsilegri hárvöxtur vart séð nema þá kannski á bringunni á honum.

**RON BURGUNDY**

Fréttamaðurinn knái sem Will Ferrel lék svo eftirminnilega í Anchorman skartar sérlega fagurmótaðri mottu. Ron er gríðarlega stoltur af hárvexti sínum eins og fram kemur í myndinni en þar á hann reyndar við faxið sunnann við munn.




**CHARLIE CHAPLIN VS. HITLER**

Chaplin og Hitler fengu sér báðir lítinn ferkantaðan runna neðan við nefið sem sitt einkennismerki. Miklar deilur spruttu upp um hvor hefði verið fyrri til og á tímabili lá við vinslitum þeirra félaga á milli. Svo hófst seinni heimstyrjöldin og þá höfðu þeir hvort eð er lítinn tíma til að hanga saman af því Hitler var alltaf svo upptekinn við að vera vondur kall.

**ALBERT EINSTEIN**

Steini var með vísindin bakvið motturæktun á hreinu enda hefði hann seint getað sett fram afstæðiskenninguna ef ekki hefði verið fyrir mottuna, stóð hans og stytta í gegnum raunir eðlisfræðingsins. Mottan var þar að auki nauðsynleg til að vege á móti hvíta hármakkanum nú er hluti af staðalbúnaði vísindamanna.



# MAGNAÐAR MOTTUR




**Mottumars** er hafinn í allri sinni loðnu dýrð. Mörgum hefur eflaust dreymt um að skella í skegg en skort kjark til að láta af því verða. **Monitor** er mikill mottu unandi og tók því saman nokkrar af mikilvægari mottum sögunnar til að hvetja skeggræktendur til dáða.

**HULK HOGAN**

Gímukappinn Hulk Hogan er með dágott skegg í skeifu yfir munninn og olli miklu fári meðal aðdáenda sinna þegar hann tilkynnti snemma árs 2012 að hann hyggðist raka stykkið. Í dag er skeggið þó enn í fullu fjöri og augnayndið er hvergi horfið.



**MOTTUR FYRIR LENGRA KOMNA**




**SALVADOR DALI**

Salvador Dali var spænskur listamaður kenndur við súrrealisma. Sú stefna náði skammtilegt nokk einnig til efri varar meistarans en listlegt yfirvaraskegg hans varð með tímanum að eins konar vörumerki.



**BORAT**

Ef þú ætlar að vera Borat á öskudaginn þarftu neon grænt mankini, brúna krullaða hárkollu og stæðilegt yfirvaraskegg. Ef þú sleppir yfirvaraskegginu ertu bara kjáni í klámfengnum sundbúning.



**FRIEDRICH NIETZSCHE**


Heimspékingurinn mikli sagði að það sem dræpi mann ekki gerði mann sterkari og það er nokkuð ljóst að nokkur mishæppnuð morðtilræði hafa verið gerð við gaddavirs skeggvöxt hans.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í BAKKALÁR- OG MEISTARANÁM TIL

---

# 15. MARS

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland Academy of the Arts




**MAHATMA GANDHI**

Mottan sem Ghandi lagði neðan við nef sér á sér aðdándasiðu á Facebook. Reyndar hefur einungis 22 einstaklingum líkað við síðuna en engu að síður er hér augljóslega á ferðinni skegg þess virði að gera sér dælt við. Ef Gandhi væri ekki dáinn það er að segja.



**FRIDA KAHLO**

Eins og sjá má á sjálfsmyndum Fridu Kahlo hafði hún þó nokkurn hjúng á efrivör. Í þokkabót skartaði stúlkan dágóðu einbrýni sem einnig fékk sitt pláss á myndunum. Hún mun einnig hafa mælt þau fleigu orð „Fætur, hví þarf ég ykkur þegar ég hef vængi til að fljúga“ og að því sögðu mælir Monitor með tússpennum fyrir skegglausu einstaklinga. Þið getið líka flogið.




**FREDDIE MERCURY**

Ekki allar mottur vinna til verðlauna en árið 2009 var mottan hans Freddie útnefnd besta motta Bretlands og stal þar sigrinum af spéfuglum John Cleese. Mottan magnaða lét fyrst sjá sig árið 1980 í myndbandinu við Play the game en margir aðdáendur munu ekki hafa verið sáttir í fyrstu og sent umboðsmanni Queen einnota rakvélar í mótmælaskyni.

VERTU MEÐ  
Í FJÖRINU

**595 6000**

[www.skjareinn.is](http://www.skjareinn.is)



PIPARNTBWA • SÍA • 130528

**TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ MEGAMARS**

Ljósmyndakeppni Íslands, Megatíminn, Hæ Gosi, Elementary, HA? og The Voice



SKJÁREINN



**Signý Rún Pétursdóttir**


- Stúdent frá MS 2012
- Nemi á 1. ári í viðskiptafræði
- Áhugamál: Að æfa fótbolta og samvera með vinum

„Kennslan í Háskólanum í Reykjavík er góð og persónuleg og kennararnir hjálplegir við nemendur. Ég tel að námið muni nýtast mér vel í framtíðinni.“

# Komdu í heimsókn

Starfsfólk og nemendur kynna námið, rannsóknir og lífið í HR með lifandi og skemmtilegum hætti. Stúdentafélag HR verður með leiðsögn um háskólabýgginguna. **Hljómsveitirnar Kiriya Family og Ylja flytja tónlist og Sirkus Íslands svífur um Sólina.**

**Háskóladagurinn 9. mars frá kl. 12–16**



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



[www.hr.is](http://www.hr.is)